

REGLUR
um umgengni og frágang grafreita í
Stafholts- og Hjarðarholtskirkjugarði nr. 91/2012.

1. gr.

■ Reglur þessar taka til umgengni í Stafholts- og Hjarðarholtskirkjugarði. Sóknarnefnd Stafholtskirkju fer með kirkjugarðsstjórn. Sóknarnefndarformaður er kirkjugarðsvörður nema annað sé ákveðið af sóknarnefnd.

2. gr.

■ Kirkjugarðurinn er friðhelgur. Öllum er frjálst för um kirkjugarðinn, með þeim takmörkunum sem af þessum reglum leiða. Óheimil er öll óþarfa umferð, leikir og hvers konar hávaði. Öll umferð vélknúinna ökutækja og reiðhjóla, hesta, hunda og annarra dýra er bönnuð, nema með sérstöku leyfi kirkjugarðsvarðar hverju sinni.

3. gr.

■ Enginn má vinna í garðinum nema í samráði við kirkjugarðsvörð. Undanskilin er vinna við umhirðu á leiðum sem eigi er á svig við umgengnisreglur þessar.

□ Ekki má án leyfis kirkjugarðsvarðar fjarlægja neitt af legstæðum, s.s. minnismarki eða varanlega hluti.

□ Á eftirfarandi helgidögum er öll vinna í garðinum bönnuð: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla frá kl. 18.00 og jóladag.

4. gr.

■ Eigi má skilja eftir á leiðum né annarsstaðar í kirkjugarðinum eða við hann neitt það er óþrýðir eða veldur óþrifum.

5. gr.

■ Ekki er leyfilegt að setja upp eða gera girðingar úr timbri, steini eða málmum um einstök leiði eða grafreiti né heldur útbúa grafhýsi.

6. gr.

■ Eigi má planta trjám, runnum, blómum eða neinum þeim gróðri öðrum sem fjölgar sér með sjálfsáningu eða rótarskotum eða á annan hátt fjölgar sér þannig að til vandræða verði. Plöntur, viðarkyns, má ekki gróðursetja á leiði, aðrar en lágvaxna runna. Hlíti menn ekki banni varðandi framangreindar plöntur, verða þær fjarlægðar.

7. gr.

■ Óheimilt er að hlaða upp leiði og skal frágangur þeirra ætíð vera þannig að hægt sé með góðu móti að hirða umhverfis þau. Hafa skal samband við kirkjugarðsvörð um frágang á leiðum.

8. gr.

■ Uppsetning og frágangur minningarmarka skal unnin í samráði við kirkjugarðsvörð. Leitast skal við að hafa stærð og útlit minningarmarka í samræmi við þær hefðir sem myndast hafa í garðinum. Viðhald minningarmarka er í umsjá aðstandenda í samráði við kirkjugarðsvörð.

□ Eigi má reisa minningarmörk sem útheimta sérstakar undirstöður, steyptar eða hlaðnar eða aðrar slíkar, þó er heimilt að nota nettar undirstöður úr forsteyptum einingum eða möl. Frágangur skal vera svo traustur að hvorki raski, né ýti til jarðvegi þótt gröf sé tekin við hlið minningarmarka.

9. gr.

■ Þegar minningarmörk, umbúnaður grafar og þess háttar, er svo úr sér gengið og/eða komið að falli, svo að af stafar hætta, eða er til óprýði, skal gera umráðamanni grafarstæðisins aðvart. Beri það eigi árangur eða náist eigi til hans, má fjarlægja umgerðina og/eða minnismarki. Skal það þá gert í samræmi við fyrirmæli 26. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

10. gr.

■ Sóknarnefnd Stafholtskirkju ber eigi skaðabótaábyrgð á, þótt umbúnaður grafarstæðis, minningarmarka, gróður eða annað sem á grafarstæði kann að vera, verði fyrir skemmdum eða ónýttist af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

11. gr.

■ Val á grafarstæði skal fara fram í samráði við kirkjugarðsvörð. Grafartaka er óheimil án hans samþykkis og skal í öllu vera undir hans stjórn eða þeirra sem hann tilnefnir til verksins. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað að tvígrafið sé í sömu gröf ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess er grafa á og fyrir liggur samþykki vandamanna þess er þar var áður grafinn. Kistugrafreitir eru 2,50 x 1,20 metrar að ummáli. Duftgrafreitir eru 0,75 x 0,75 að ummáli. Ekki er gert ráð fyrir afmörkun um grafreiti.

12. gr.

■ Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ganga frá grafarstæði sem hefur verið í óhvirðu í fimm ár eða lengur, á viðeigandi hátt.

13. gr.

■ Reglur þessar eru settar að tillögu sóknarnefndar Stafholtskirkju samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36, 4. maí 1993 og öðlast þegar gildi.